# Ráðgjafi, álitsgjafi, umsagnaraðili, upplýsingamiðlari…

# Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands gagnvart verkefnum sveitarfélaga

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN · ÍSLANDS ·







# Náttúrufræðistofnun Íslands

- Stofnun undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.
- Fjöldi starfsfólks: 50 á þremur starfstöðum.
    - Garðabær (36)
    - Akureyri (12)
    - Breiðdalsvík (2)






# Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands

- Náttúrufræðistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992.
- Meginhlutverk stofnunarinnar er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum.
- Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir gagnabanka um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig víðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.



Settur forstjóri
Eydís Líndal Finnbogadóttir
Náttúruvernd
Snorri Sigurðsson
Rekstur
Lilja Víglundsdóttir
Rannsóknir og vöktun
Sunna Björk Ragnarsdóttir
Vísindasöfn og miðlun
Anna Sveinsdóttir
NÍ-1.1.2022

# Lögbundin verkefni

- Allmörg verkefni Náttúrufræðistofnunar tilgreind í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Umsagnar- og ráðgjafarhlutverk einnig skilgreind í annarri löggjöf. Varðar einkum ráðgjafarhlutverki stofnunarinnar um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd.
  - Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.
  - Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.
  - Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
  - Lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
  - Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.
  - Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

# Lögbundin verkefni

- Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016.
- Lög um velferð dýra nr. 55/2013.
- Lög um skeldýrarækt nr. 90/2011.
- Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
- Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007.
- Lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.
- Ofl.

- Bein ráðgjöf til stjórnvalda með umsögnum um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og áætlanir og stefnumótun stjórnvalda. Oft tækifæri til ráðgjafar á undirbúningsstigi.

# Skipulagsverkefni sveitarfélaga

- Umsagnarhlutverk Náttúrufræðistofnunar ekki skilgreint í Skipulagslögum.

- í 2. mgr. 68. gr. laga um náttúruvernd segir „Við gerð **deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr**. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“
- Skv. 3. mgr. 37. gr. laganna – sem fjallar um C-hluta náttúruminjaskrár, ber að veita umsagnar NÍ áður en framkvæmdaleyfi eru veitt sem raska minjum á C-hluta.

- Náttúrufræðistofnun fær til umsagnar fleiri skipulagsmál m.a. heildarendurskoðun aðalskipulagsáætlana, breytingar á aðalskipulagi og aðrar deiliskipulagsáætlanir þ.m.t. skipulagslýsingar fyrir þessi verkefni.

- Náttúrufræðistofnun ráðgefandi aðili um skipulag hafs og stranda skv. 6. gr. laga nr. 88/2018.

- **Umsagnir 2022:**

  - Endurskoðun ASK: 12
  - ASK-breytingar: 34
  - Deiliskipulög: 40
  - Framkv.leyfi: 8
  - Skipulagslýsingar: 22
  - Strandsvæðaskipulag: 2
  - Svæðisskipulag: 1
  - Kortlagning vega: 2

# Mat á umhverfisáhrifum

- Umsagnarhlutverk Náttúrufræðistofnunar ekki skilgreint í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- í 2. mgr. 68. gr. laga um náttúruvernd segir „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og **frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum** skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“

- Náttúrufræðistofnun fær einnig til umsagnar tilkynningar um matsskyldu og matsáætlanir.

- **Umsagnir 2022:**

  - Matsskylduákvarðanir: 30
  - Matsáætlanir: 12
  - Umhverfismatsskýrslur: 17

# Framkvæmd náttúruverndar

- Náttúrufræðistofnun með ýmis umsagnarhlutverk tengt framkvæmd náttúruverndarverkefna.
- Skýrt lögbundið hlutverk NÍ að veita umsagnir um:
  - Undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar.
  - Afnám eða breytingu friðlýsingar.
  - Undanþágur frá ákvæðum friðunar tegunda eða vistkerfa.
  - Undanþágur um rask á steingervingum.
- Náttúrufræðistofnun með lögbundið ráðgjafarhlutverk þegar kemur að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði þ.m.t. Vatnajökulsþjóðgarð.

- Til viðbótar veitir Náttúrufræðistofnun reglulega umsagnir til Umhverfisstofnunar um nýjar friðlýsingar – áform og tillögur að friðlýsingarskilmálum.
- Einnig umsagnir til ráðuneytis um verndargildi jarða sem forkaupsréttur ríkisins gildir um.

- **Umsagnir 2022**:

  - Friðlýsingar í vinnslu: 3
  - Stjórnar- og verndaráætlanir: 5
  - Forkaupsréttur: 6
  - Undanþágur: 3

- ATH árið 2021 voru umsagnir vegna friðlýsinga í vinnslu 27 en þá var átak stjórnvalda í friðlýsingum á lokametrum.

# Ýmsar leyfisveitingar

- **Umsagnir 2022:**
    - Mývatn/Laxá: 16
    - Ljósmyndataka:14
    - Orkustofnun: 13
    - Matvælastofnun: 2

- Náttúrufræðistofnun veitir umsagnir til ýmissa stofnana tengt leyfisveitingum m.a.
    - Til ráðherra vegna afnáms friðunar villtra fugla og villtra spendýra skv. ákvæðum laga nr. 60/1994 þ.m.t. vegna eggjatöku.
    - Til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.
    - Til Umhverfisstofnunar vegna föngunar dýra í rannsóknarskyni eða fyrir söfn og dýragarða skv. ákvæðum laga um velferð dýra nr. 55/2013.
    - Til Umhverfisstofnunar vegna ljósmyndunar/kvikmyndatöku við hreiður friðaðra fuglategunda.
    - Til Orkustofnunar vegna rannsóknar- og nýtingarleyfa á auðlindum í jörðu.
    - Til Orkustofnunar vegna rannsókna og nýtingar á örverum á jarðhitasvæðum.
    - Til Matvælastofnunar vegna leyfis til skeldýraræktar.
    - Vegna inn- og útflutnings á dýrum/plöntum eða afurðum þeirra sem eru í útrýmingarhættu.
    - Rannsóknarleyfa til orkurannsókna á svæðum í verndarflokki rammaáætlunar.

[https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir](https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

JÖRÐ GRÓÐUR DÝR RANNSÓKNIR MIÐLUN STOFNUNIN EN

# Umsagnir 2022

Forsíða › STOFNUNIN › Ráðgjöf › Umsagnir › Umsagnir 2022

STOFNUNIN
- Hlutverk og skipulag
- Alþjóðlegt samstarf
- Ráðgjöf
  - Umsagnir
- Leyfisveitingar
- Viðurkenningar
- Starfsfólk
- Laus störf
- Starfsstöðvar
- Merki

## Umsagnir um þingmál

| Dags. | Efni umsagnar |
|---|---|
| 10.03.2022 | Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 350. mál |
| 08.03.2022 | Tillaga til þingsályktunar um Sundabraut, 45. mál |
| 25.02.2022 | Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál |
| 24.02.2022 | Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (vatnsorkuver, vindorkuver), 42. mál |
| 03.01.2022 | Tillaga til þingsályktunar um þjóðarátak í landgræðslu |

## Aðrar umsagnir

| Dags. | Efni umsagnar |
|---|---|
| 21.10.2022 | Fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegar |
| 21.10.2022 | Mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Seyðishólum |
| 19.10.2022 | Lýsing breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð |
| 19.10.2022 | Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna jarðstrengs |
| 19.10.2022 | Skipulags- og matslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010–2022 vegna jarðstrengs |
| 19.10.2022 | Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Litluborgir |

# Verkefni NÍ á sviði náttúruverndar

- Náttúruminjaskráin:
  - Samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 annast NÍ skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, gerir tillögur um minjar sem ástæða þykir til að setja á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár.
  - Skv. 15. gr. annast NÍ umsýslu vegna starfs fagráðs náttúruminjaskrár sem er NÍ til halds og trausts við að gera tillögur fyrir skrána.
- Sérstök vernd (61. gr. laga nr. 60/2013).
  - NÍ heldur skrár yfir náttúrufyrirbæri sem falla undir ákvæðið nema birkiskóga (hlutverk Skógræktarinnar).

# Tillögur að B-hluta náttúruminjaskrár

https://natturuminjaskra.ni.is/



# Sérstök vernd 61. grein – kortasjá

https://serstokvernd.ni.is/



# Seta í ráðum og nefndum

- Náttúrufræðistofnun sinnir ráðgjafarhlutverki með því að sitja í ýmsum ráðum og nefndum.
- Lögbundin nefndarseta:
  - Ráðgjafanefnd náttúruminjaskrár.
  - Fagráð Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.
  - Erfðanefnd landbúnaðarins.
  - Nefnd sérfræðinga um innflutning og ræktun framandi tegunda og dreifingu lifandi lífvera.
  - Ráðgjafanefnd um stjórn vatnamála.
  - Ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða.
  - Önnur nýleg nefndarseta:
  - Starfshópur um gerð Grænbókar um líffræðilega fjölbreytni.
  - Starfshópur um vindorku í hafi.
  - Samráðsvettvangur um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.
  - Vísindanefnd um áhrif loftslagsbreytinga.
  - Starfshópur til að meta tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár.
  - Vinnuhópur um ferðamannaleiðir.
  - Samvinnunefnd um málefni Norðurslóða

# Vistgerðakort.

Vefsjá og staðreyndasíður um vistgerðir.

https://vistgerdakort.ni.is/



**Mikilvæg fuglasvæði.**

Vefsjá og staðreyndasíður.

[https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi](https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi)



# Jarðfræðikort.

Vefsjá.

https://jardfraedikort.ni.is/



# Válistar

## Uppfærðir válistar fyrir fugla, spendýr og æðplöntur komu út árið 2018.

[https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar](https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar)

### Tegund útdauð á Íslandi (RE)

| Nafn | Latneskt heiti | Hættuflokkur | Viðmið | Heimsválisti |
|---|---|---|---|---|
| Davíðslykill | *Primula egaliksensis* | RE | | LC |

### Tegundir í bráðri hættu (CR)

| Nafn | Latneskt heiti | Hættuflokkur | Viðmið | Heimsválisti |
|---|---|---|---|---|
| Skeggburkni | *Asplenium septentrionale* | CR | D | NE |
| Gljástör | *Carex pallescens* | CR | B1; B2a+b(iv) | NE |
| Vatnsögn | *Crassula aquatica* | CR | B1; B2b(ii,v) | NE |
| Mýramaðra | *Galium palustre* | CR | B1; B2b(ii,iii,v); C2a(i); D | LC |
| Mosaburkni | *Hymenophyllum wilsonii* | CR | A4; B1+2ab(ii,v); C1+2a(i); D | LC |
| Burstajafni | *Lycopodium clavatum* | CR | B1; B2a+b(iii), D | NE |
| Engjakambjurt | *Melampyrum pratense* | CR | B1; B2a+b(iii) | NE |
| Glitrós | *Rosa dumalis* | CR | D | NE |



# Nýleg þjónustuverkefni fyrir sveitarfélög:



**Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár: könnun 2020 með samanburði við fyrri ár**

Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sverrir Thorstensen og Sigmar Metúsalemsson

**Unnið fyrir Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit og ISAVIA**



**Rauðhólar í Heiðmörk**

**Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ingvar Atli Sigurðsson**

**Unnið fyrir Reykjavíkurborg**



**Úttekt á gróðurfari vegna sorpbrennslustöðvar í Vestmannaeyjum**

**Rannveig Thoroddsen**

**Unnið fyrir Vestmannaeyjabæ**

- Náttúrufræðistofnun veitir reglulega ráðgjöf í gegnum samtöl, fundi, kynningar og skrifleg svör til sveitarfélaga um hin ýmsu málefni er varða náttúru t.a.m:
  - Tækifæri til verndar t.d. með hverfisvernd.
  - Veiðistjórnun, sér í lagi varðandi fuglategundir og refi.
  - Málefni framandi ágengra tegunda.
  - Mengunar- og úrgangsmál.
  - Endurheimt vistkerfa t.d. votlendis.
  - Áhrif smáframkvæmda/viðburða o.fl. t.d. á fuglalíf, jarðminjar og gróður.
  - Umgengni um náttúruminjar.
  - Samneyti við villt dýr.
  - Vísindalegt gildi náttúrugripa.

- Þá sinnir Náttúrufræðistofnun margvíslegri fræðslu og hefur oft aðstoðað við fræðsluverkefni sveitarfélaga og stofnana sem og miðlað til almennings m.a. í gegnum samfélagsmiðla.

# Fréttir



09.11.2022

## Hátt í 500 pöddur á pödduvefnum

Undanfarið hefur pödduvefur Náttúrufræðistofnunar Íslands verið yfirfarinn að nokkru leyti og uppfærður eftir að hafa verið í...



08.11.2022

## Hrafnaþing: Samverkan íss og bergkviku...

Á Hrafnaþingi á morgun, miðvikudaginn 9. nóvember, mun Catherine R. Gallagher nýdoktor hjá Norræna eldfjallasetrinu flytja erin...



07.11.2022

## Slakt arnarvarp sumarið 2022 og ferðir ungra arna

Arnarvarp 2022 var lélegt samanborið við mörg undanfarin ár. Tæplega helmingur para sem urpu kom upp ungum. Ungir ernir sem...

## Leit í Biota

Forsíða › Leit í Biota

DÝR (ANIMALIA) × PÖDDUR × DÝR (ANIMALIA) × LIÐDÝR (ARTHROPODA) ×
ÁTTFÆTLUR (ARACHNIDA... × HREINSA ×

Raða eftir vigt

**KINGDOM**

- Dýr (Animalia) 53
- Lífríki (Biota) 53

**PHYLUM**

Search

- Klóskerar (Chelicherata) 53
- Liðdýr (Arthropoda) 53

**CLASS**

Search

- Skordýr (Insecta) 366
- Bjöllur (Coleoptera) 106
- Fiðrildi (Lepidoptera) 90
- Tvívængjur (Diptera) 61
- Áttfætlur (Arachnida) 53
- Köngulær (Araneae) 39
- Skortítur (Hemiptera) 32
- Æðvængjur (Hymenoptera) 31
- Kakkalakkar og termítar (Dictyoptera) 10
- Vorflugur (Trichoptera) 8
- Þúsundfætlur (Diplopoda) 8
- Jafnfætlur (Isopoda) 6
- Stórkrabbar (Malacostraca) 6
- Valartvífætlur (Julida) 6

Leitaðu hér LEITA

Allt Biota Starfsfólk Fréttir



Búldukönguló (Parasteatoda tepidariorum). 6 mm. ©EÓ – Ljósm. Erling Ólafsson

**Búldukönguló** *(Parasteatoda tepidariorum)*

Um heim allan.

Ísland: Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær, Hveragerði.




**Stjörnumítill** *(Amblyomma americanum)*

Norður-Ameríka; Miðvesturríki Bandaríkjanna til austurstrandarinnar, norður til Main og suður til Flórída. Einnig eru staðbundnir stofnar utan þessa svæðis sem auk þess er að breiðast til vesturs. Ekki er kunnugt um útbreiðslu í löndum utan álfunnar.

Ísland: Fágætur slæðingur á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík, Hafnarfjörður.

# Takk fyrir!

